

11. maí 2016

Stöðuskýrsla vegna innleiðingar stefnu SFS um fjölmennningarlegt skóla – og frístundastarf; Heimurinn er hér.



Fjölmenningarteymi SFS
Fríða Bjarney Jónsdóttir
Dagbjört Ásbjörnsdóttir
Dröfn Rafnsdóttir

Stefna SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf *Heimurinn er hér*

20. maí 2014 var stefna SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf *Heimurinn er hér* samþykkt einróma í borgarstjórn eftir að hafa verið samþykkt áður í skóla- og frístundaráði. Stefnan byggir að hluta til á stefnu leikskóla Reykjavíkur um fjölmennningarlegt leikskólastarf sem upphaflega var samþykkt 2001 og endurskoðuð og endurútgefin 2006. Við sameiningu frístundahluta ÍTR, leikskólasviðs og menntasviðs í nýtt skóla- og frístundasvið 2011 tók þáverandi skóla- og frístundaráð ákvörðun um að unnin yrði sameiginleg stefna fyrir nýtt svið og fól það verkefni starfshópnum *Börn og fjölmennning* sem vann að gerð stefnunnar ásamt öðrum verkefnum.

Starfshópurinn sem lauk störfum vorið 2014 samanstóð af breiðum hópi fulltrúa frá foreldrum, kennurum í leik- og grunnskólum, fagfólks úr frístundastarfi, skóla- og frístundaráðs og starfsmanna skrifstofu SFS. Starfshópurinn starfaði fyrst undir formennsku Óttars Proppé og síðar Oddnýjar Sturludóttur. Í ferlinu við mótnun stefnunnar var leitað til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, sérfræðinga frá HÍ og víðar bæði í formi rýnihópa og annarar samræðu. Þegar lokadrög að stefnunni lágu fyrir fengu allir stjórnendur starfsstaða í borginni tækifæri til að skila umsögn.

Skýrsla hópsins og stefna SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi er tvískipt sjá: http://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_sfs_um_fjoelmenningu_n.pdf. Í fyrri hlutanum eru lagðar fram tillögur hópsins, fjallað um þá þætti sem brýnt er að starfsstaðir hugi að í tengslum við þróun fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs og settir fram 6 stefnuþættir. Í lok fyrri hlutans er greint frá því hver séu hlutverk starfsstaða SFS annars vegar og skrifstofu sviðsins hins vegar. Síðari hluti stefnunnar, „Stiklur“ í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi, er kafli með hugmyndum, gátlistum, ítarefni og gagnlegum ábendingum sem starfsstaðir geta nýtt til þróunar á fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi.

Fjölmenningarteymi SFS var stofnað 2015 en það heldur utan um innleiðingu stefnunnar. Teymið skipa Dagbjört Ásbjörnsdóttir fulltrúi frístundahluta SFS, Dröfn Rafnsdóttir fulltrúi grunnskólahluta SFS og Fríða Bjarney Jónsdóttir fulltrúi leikskólahluta SFS en hún er jafnframt formaður teymisins. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um þau skref sem þegar hafa verið tekin í innleiðingu stefnunnar.



Innleiðing stefnunnar

Skóla og frístundaráð og síðar borgarráð samþykkti tillögur starfshópsins sem innleiðingar áætlun fyrir stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. Lagt var til að innleiðingu yrði að fullu lokið í árslok 2017 og að skóla- og frístundaráð fengi árlega stöðuskýrslu um innleiðingu stefnunnar. Vorið 2015 voru kynntar niðurstöður fagráðs um málproska, læsi og lesskilning auk þess sem starfshópur um móðurmálskennslu barna með annað móðurmál en íslensku skilaði tillögum sínum sem voru samþykktar af skóla- og frístundaráði. Tillögur þessara tveggja hópa fléttast saman við tillögur starfshópsins börn og fjölmennning.



Fyrsta skrefið að innleiðingu stefnunnar var að gera hana aðgengilega fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Prentað eintak var sent á alla starfsstaði auk þess sem stefnan er aðgengileg á heimasíðu sviðsins og víðar. Í rafrænu eintaki stefnunnar er hægt að tengjast öllum þeim fjölmörgu verkefnum, hugmyndum og verkfærum sem kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi geta nýtt í innleiðingu fjölmenningara kennslu- og starfshátta sjá: http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf.


Búið er að gefa út útdrátt úr stefnunni á [íslensku](#), [ensku](#) og [pólsku](#) og þýða hana í heild sinni á ensku fyrst og fremst til að gera hana aðgengilega fyrir foreldra og aðra áhugasama sem ekki lesa íslensku. Þá hefur það sýnt sig að það að hafa aðgengi að stefnunni á ensku kemur sér mjög vel í alþjóðlegu samstarfi um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf en stefnan hefur verið kynnt fyrir erlendum gestum og á ráðstefnum hérlandis og erlendis. Stefnan var kynnt ítarlega og vakti athygli fyrir framsýni á alþjóðlegu ráðstefnunni [Learning spaces for inclusion and social justice](#) sem haldin var á Íslandi í október 2015. Fulltrúar SFS voru þátttakendur í þeirri ráðstefnu og undirbúningi hennar en leik- og grunnskólar í borginni voru einnig þátttakendur í þriggja ára rannsóknarverkefni með sama nafni sem unnin var í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi og má nálgast helstu niðurstöður þess hér http://lsp2015.hi.is/sites/lsp2015.hi.is/files/eddakjar/lsp_final_report_formatted_0.pdf.

Boðið var upp á kynningarfundum í öllum hverfum eftir áramót 2015. Þangað var boðið fulltrúum leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs og þjónustumiðstöðva í hverfum. Því miður var þátttaka á þessum kynningarfundum frekar dræm að hluta vegna þess að á sama tíma var verið að kynna niðurstöður fagráðs um málproska, læsi og lesskilning í öllum hverfum. Rétt er þó að vekja athygli á því að Árbæjar- og grafarholtshverfi óskaði sérstaklega eftir kynningu á stefnunni haustið 2015 fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi með það að markmiði að efla hverfið í vinnu með fjölbreytta barna og foreldrahópa. Þá var stefnan var kynnt á stjórnendafundum í leik, grunn og frí auk þess sem starfsstaðir hafa fengið kynningu og fræðslu um stefnuna og fjölmennningarlegt starf á starfsdögum.

Stefnan hefur einnig verið kynnt fyrir teymi um málefni innflytjenda, fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, kennarasambandi Íslands og fulltrúum annarra sveitarfélaga.

Hér á eftir verða rakin þau verkefni og aðgerðir sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd í innleiðingarferlinu.

- **Reglum um fjármagn til grunnskóla vegna íslenskukennslu** var breytt sumarið 2015 í kjölfar innleiðingar á matstækinu *Milli mála* sem Dr. Elín Þöll Þórðardóttir vann að í samstarfi við SFS. Samkvæmt nýjum reglum fá skólar úthlutað fjármagn vegna nemenda sem þurfa stuðning í íslensku sem öðru máli svo lengi sem nemendurnir þurfa stuðning en ekki samkvæmt reglum um dvalartíma og skyldleika tungumáls fyrstu tvö árin eftir að þau hefja grunnskólagöngu á Íslandi eins og áður var. Þetta er afar mikilvæg niðurstaða enda hafa rannsóknir hér á landi og erlendis sýnt að það þrátt fyrir að það taki börn ekki nema um 1-2 ár að ná tökum á nýju tungumáli sem nýtist þeim í félagslegum samskiptum en það tekur börn 5-7 ár að ná tökum á skólaorðaforða. Stór hópur barna sem fæddur er á Íslandi en býr við annað móðurmál en íslensku á heimili þarf stuðning við að ná tökum á skólaorðaforða lengur en fyrstu tvö árin eftir að þau hefja grunnskólagöngu. Í þessu sambandi má benda á að tölfræðilegar upplýsingar um fjölda barna með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum borgarinnar hafa orðið mun nákvæmari eftir þessa breytingu en áður en hún tók gildi var eingöngu talinn sá fjöldi nemenda sem átti rétt á stuðningi í íslensku samkvæmt gömlu reglunum. Eftir að nýju reglurnar tóku gildi er safnað upplýsingum um heildarfjölda þeirra nemenda sem þurfa stuðning vegna íslensku sem annars máls á grunni matstækisins *Milli mála*. Sem dæmi má nefna að í starfsáætlun SFS frá 2013 fá skólar úthlutað fjármagn vegna 298 nemenda þrátt fyrir að sótt væri um fyrir 741 nemenda. Í starfsáætlun 2016, eftir að reglunum var breytt, er ljóst að 1450 nemendur þurfa stuðning vegna íslensku sem annars máls í skólum borgarinnar sjá mynd nr. 1.



Mynd 1. Heildarfjöldi nemenda með úthlutun vegna kennslu í íslensku frá 2006.

- **Ráðið var tímabundið í stöðu verkefnastjóra fjölmennningar 2014 fyrir grunnskóla.** Rósa Björg Þorsteinsdóttir sinnti því starfi til vors 2015 en við verkefninu tók Dröfn Rafnsdóttir sem enn fremur leiðir vinnu SFS um miðju máls og læsis.
- **Við úthlutun úr þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs 2015 og 2016 var sérstaklega horft til verkefna á sviði fjölmennningar og barna með annað móðurmál en íslensku.** Meðal þeirra verkefna sem hlutu styrki eru:
 - Spilavinir; *Spilabekkjarkvöld fyrir bekki með hátt hlutfall innflytjenda.*
 - Frístundamiðstöðin Kampur; *Evaluation of frístundaheimili in Kampur center in terms of multiculturalism.*
 - Frístundamiðstöðin Miðberg; *Leiksyning, tækifæri fyrir alla.*
 - Fellaskóli; *Farsæl nemendaviðtöl.*
 - Leikskólinn Drafnaborg/Foreldrafélag Drafnasteins; *Vinafjölskyldur í leiksskóla.*
 - Leikskólinn Ösp; *Að „upplýsa“ Aspar börn um mál og heiminn. Upplýsingaöflun í Ösp.*
 - Austurbæjarskóli og Frístundaheimilið Draumaland; *Frístundalestur.*
 - Leikskólarnir Ösp og Holt ásamt Fellaskóla, Menntavísindasvið HÍ og Þjónustumiðstöð Breiðholts; *Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi.*
 - Frostaskjól/frístundaheimilið Skýjaborgir; *Orðasafn ævintýranna; Að tengja saman einstaklinga af ólíkum uppruna, að læra íslensku og auka áhuga og skilning á mismunandi tungumálum í gegnum leik og sköpun.*
 - Frístundamiðstöðin Kampur; *Hver er ég? Stuðla að jákvæðri sjálfsmynd barna og unglinga með sérstakri áherslu á börn og unglinga með annað móðurmál en íslensku.*
 - Austurbæjarskóli; *Orð á borði . Að nemendur þjálfist í meðferð og notkun íslenskrar tungu, efli lesskilning, skilji merkingu og gildi ljóða o.fl.*
- **Samþykkt var að stofna Miðju máls og læsis** þar sem lögð verður áhersla á að byggja upp stuðning við kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi m.a. varðandi mál og læsi tví- og fjöltyngdra barna. Miðjan tekur til starfa 1. júní og verkefnastjóri er Dröfn Rafnsdóttir.
 - **Samþykkt var að ráða í tvö stöðugildi móðurmáls/farkennara** til að styðja við nám grunnskólanemenda með annað móðurmál en íslensku. Farkennararnir verða staðsettir í Miðju máls og læsis.
- **Könnun til leikskóla og grunnskóla vegna** samstarfs við foreldra, tálkaþjónustu, upplýsingagjafar og fleira sem tengist fjölmennningarlegu skólastarfi og samstarfi við fjölbreyttar fjölskyldu var send til leikskóla 2015 og grunnskóla 2016. Niðurstöður leikskólakönnunar voru kynntar leikskólastjórum 2016.
- **Vinnsla upplýsinga í gagnagrunni vegna barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi** var samræmd 2015. Nú þurfa foreldrar að fylla út upplýsingar um þau tungumál sem töluð eru

á heimili barna með annað móðurmál en íslensku þegar þau eru innrituð í skóla eða frístundastarf. Með því ætti að vera auðveldara að nálgast sambærilegar upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna í starfi SFS en áður hefur verið.

- **Tengiliðir fjölmennningar** í leikskólum borgarinnar sem hefur verið starfandi frá árinu 2011 hittist 3-5 sinnum yfir skólaárið þar sem miðlað er þekkingu, fræðslu og færni á jafningjavettvangi. Búið er að stofna sambærilegt teymi í grunnskólum borgarinnar.
- **Áherslur Barnamennningarhátíðar árið 2016 voru fjölmennningarlegar** en umsækjendur um styrki fyrir viðburði voru hvattir til að ígrunda með hvaða hætti þeirra viðburður gæti endurspeglað fjölbreytt tungumál og menningu og sent þau skilaboð að öll börn sem leika og læra á okkar vettvangi séu jafn velkomin. Fjölmargir viðburðir víða um borg höfðu það því að markmiði að fagna fjölbreyttum tungumálum og menningu barna og ungmenna.
- **Alþjóðlegi móðurmálsdagur Unesco og Evrópski tungumáladagurinn** voru haldnir hátíðlegir í Gerðubergi í samvinnu við verkefnastjóra fjölmennningar á Borgarbókasafni og samtökin Móðurmál. Starfsstöðvar SFS fengu sendan upplýsingapóst um viðburðina og hugmyndir að verkefnum með fjölbreytt tungumál sem m.a. er að finna í [Heimurinn er hér](#) og [vef alþjóðlega móðurmálsdagsins á Tungumálatorgi](#).
- **Kostnaður vegna túlkajónustu** hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum en sem liður í umbótum á sviði fjölmennningar verður fjármagn til túlkajónustu fyrir foreldra aukið. Í niðurstöðum könnunar til leikskólastjóra sem birtar voru 2015 kemur í ljós að foreldrum er alltaf boðið upp á túlka í viðtölum og oft á foreldrafundum og í aðlögun barna að leikskólanum.
 - Fjölmenningarteymi SFS hafði frumkvæði að því að koma á samtali á milli Velferðarsviðs, SFS og Innkaupadeildar borgarinnar um viðmið og gæði í túlkajónustu. Í kjölfarið var stofnaður starfshópur um túlka- og þýðingajónustu Reykjavíkurborgar en hlutverk hans er að tryggja að það fjármagn sem nýtt er í túlka- og þýðingajónustu verði nýtt sem best og tryggð verði frekari gæði þjónustunnar. Ábyrgðarmaður hópsins er borgarstjóri Reykjavíkur.
- **Upplýsingagjöf til foreldra** hefur verið bætt m.a. með útgáfu upplýsinga um grunnskóla á fimm tungumálum, bæklingum um frístundastarf og bættri upplýsingagjöf til foreldra á heimasíðum leikskóla og grunnskóla sjá m.a. www.myri.is [INFO](#) og <http://www.laugarnesskoli.is/>. Lögð er áhersla á að allt efni sem sent er til foreldra verði þýtt á ensku og pólsku.
- **SAMFOK hlaut styrk frá Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar til verkefnisins: Allir með - um nám og velferð barnanna okkar; Áhugi, ábyrgð og áhrif grunnskólaforeldra.** Verkefnið felst í 6 málþingum/námskeiðum, á helstu tungumálunum sem töluð eru í skólastarfi í borginni, sem SAMFOK stendur fyrir með virkri þátttöku foreldra af erlendum

uppruna um nám og velferð grunnskólanemenda. Fjölmenningatrymi SFS ásamt fulltrúum samtakanna Móðurmál hafa verið í samstarfi við SAMFOK um verkefnið og munu koma að skipulagningu fræðslunnar. Þegar hefur verið haldinn einn fundur um verkefnið fyrir foreldraráð grunnskóla borgarinnar en þar kynnti fulltrúi fjölmenningatrymis SFS stefnu sviðsins og lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að vinna eftir móttökuáætlun skóla og frístundastarfs með samstarfi við foreldra m.a. með gerð samnings um samskipti.

- **Fræðsla og ráðgjöf til kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi** um inntak stefnunnar hefur verið aukin verulega frá því að hún var samþykkt. Fjölmenningatrymi SFS heldur utan um skipulag fræðslunnar ásamt því að veita ráðgjöf og fræðslu til þeirra starfsstaða sem þess óska. Þá hefur verið komið á reglulegu samráði kennsluráðgjafa í borginni í tengslum við fjölmenningarlegt skólastarf.
 - Haldin voru 5 námskeið fyrir grunnskólakennara og stjórnendur í fyrirlögn próftækisins Milli mála. Hvert námskeið var 3 klukkustundir og fengu þátttakendur að því loknu réttindi til að leggja prófið fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur. Á námskeiðinu fjallaði höfundur prófsins um máltöku og málþorska barna, hvernig börn læra annað mál og rannsóknir tengdar þeim þáttum
 - Teymið hefur í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ skipulagt endurmenntunarnámskeiðin *Heimurinn er hér* þar sem áhersla er lögð á að kynna inntak stefnunnar, fræða um fjölbreytta kennslu- og starfshætti, virkt tvítyngi og foreldrasamstarf í fjölbreyttum barnahópum. Árið 2015 var haldið 40 stunda námskeið fyrir grunnskólakennara og voru um 30 kennarar skráðir á námskeiðið. Vorið 2016 var boðið upp á tvö 20 stunda námskeið annað fyrir kennara í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla og hitt fyrir grunnskólakennara á miðstigi og unglingastigi. Hátt í 40 kennarar voru skráðir á þessi námskeið.
 - Fulltrúar teymisins sem hafa sótt ráðstefnur og fræðslu um fjölmenningarlegt skólastarf hérlandis sem erlendis og nýtt þá þekkingu sem þar hefur skapast í fræðslu til starfsstöðva SFS. Meðal þeirra verkefna sem tengjast alþjóðasamstarfi er námskeiðisdagur fyrir leikskóla- og grunnskólakennara í samstarfi við móðurmálssamtökin haustið 2015 þar sem Dr. Deirdré Kirwan frá Írlandi og sérfræðingur um tvítyngi var aðalfyrirlesari. Í tengslum við rannsóknarverkefnið [*Learning spaces for inclusion and social justice*](#) sem áður var greint frá hér að framan voru haldnar ráðstefnur haustið 2015 og í apríl 2016. Fyrirlesarar á þessum ráðstefnum komu úr röðum helstu sérfræðinga á sviði tvítyngis og fjölmenningar s.s. eins og Dr. Jim Cummins frá Kanada og James Banks frá Bandaríkjunum. Málþingið Samtal um Samfélag var haldið í samvinnu SFS við Menntun núna, Háskólann á Akureyri og rannsóknarstofu í fjölmenningu við HÍ. Þá bauðst tveimur fulltrúum fjölmenningatrymis SFS að fara fyrir hönd Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands á

[vinnusmiðju evrópsku tungumálamiðstöðvarinnar í Graz 2015](#) og 2016 til að taka þátt í námskeiðum fjöltyngis- og fjölmennningarlega skólastefnu með heilðræna sýn á tungumálanám nemenda. Í kjölfarið hefur sex grunnskólum í borginni verið boðið að taka þátt í smiðju og endurmenntun haustið 2016 þar sem sérfræðingar frá stofnuninni í Graz sjá um kennslu og þjálfun kennara. Kennsluráðgjöfum úr þjónustumiðstöðvum verður sérstaklega boðið að taka þátt í smiðjunum.

- Fræðslufundir fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hafa verið haldnir mánaðarlega á vorönn 2015 og 2016 ýmist fyrir alla í einu eða með sérstaka áherslu á leikskóla, grunnskóla eða frístundastarf. Meðal þeirrar fræðslu sem boðið hefur verið upp á er:
 - Kynning á stefnunni *Heimurinn er hér*
 - Upplýsingatækni í námi nemenda með annað móðurmál en íslensku
 - Virkt tvítyngi, íslenska sem annað mál og vinna með fjölbreytt móðurmál
 - Millimenningarfræðsla um nám og frístundir í miðausturlöndum
 - Vinna með fjölbreyttar fjölskyldur í fjölskyldumiðstöðvum og flóttamannabúðum í Þýskalandi
 - Börn flóttafólks og hælisleitenda
 - Einn leikskóli- mörg tungumál, leiðir til að vinna með mál og læsi fjöltyngdra leikskólabarna
 - Kynning á niðurstöðum könnunar um viðhorf tvítyngdra foreldra til frístundastarfs barna þeirra
 - Námskeið um [Menningarmót](#)
- **Fundað hefur verið með teymi um [Vinsamlegt samfélag](#)** með það að markmiði að tekið verði mið af fjölmennningarlegu samfélagi í fræðslu og vinnubrögðum verkefnisins.
- **Fundað hefur verið með verkefnisstýru jafnréttismála** með það að markmiði að tekið verði mið af fjölmennningarlegu samfélagi í jafnréttisáætlunum starfsstaða. Þá voru settar inn hugmyndir og verkfæri sem tengjast fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi á vefinn [Jafnréttistorg](#).
- **Gerður hefur verið samstarfssamningur við [samtökin Móðurmál](#)** um að kennarar og börn á þeirra vegum fái aðgang að húsnæði borgarinnar til kennslu án endurgjalds. Samningurinn er gagnvirkur á þann hátt að samtökin taka að sér að veita fræðslu til kennara og starfsfólks á SFS. Kennsla samtakanna fer fram á laugardögum í Fellahverfi þar sem um 700 börn á leik- og grunnskólaaldri sækja móðurmálskennslu í 25 tungumálum.
- **Samstarf við verkefnastjóra fjölmennningar á Borgarbókasafni** hefur verið fest í sessi en verkefni sem unnin eru á vettvangi safnsins eru afar mikilvæg fyrir skólastarf í borginni. Árið 2015 vann Kristín R. Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri í samstarfi við leikskólaskrifstofu SFS og Helgu Ágústsdóttur að vef um verkefnið [Menningarmót](#) sem opnaður var í febrúar. Í kjölfarið

voru haldin tvö námskeið um verkefnið fyrir leik- og grunnskólakennara. Menningarmótin hafa verið sett upp í um 25 leik- og grunnskólum auk þess sem leikskólarnir Rofaborg, Árborg og Laugasól ásamt Ingunnarskóla, Háteigsskóla og Landakotsskóla gerðust

[Menningarmótsskólar árið 2015.](#) Þá hafa önnur verkefni safnsins s.s. eins og [Heilahristingur](#) sem er heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanemendur sem fram fer á söfnum borgarinnar í Grófinni, Gerðubergi og Kringlunni, verið kynnt fyrir skólastjórum og kennurum. Áætlað er að bæta við heimanámsaðstoð í Árbæjarsafni næsta haust.

- **Fulltrúar fjölmenningsarteymis SFS hafa sótt um styrki** til að styðja við fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf bæði í innlenda og erlenda sjóði. Árið 2016 hafa nú þegar fengist styrkir í eftirfarandi verkefni:

- **Móðurmálið er gjöf** – styrkur frá þróunarsjóði innflytjendaráðs til að þýða og miðla stuðningsefni fyrir leikskólakennara til að efla færni þeirra í samstarfi við foreldra um mál og læsi tví- og fjöltyngdra barna kr. 500.000.-
- **Fjölmenningsleg menntun og þjálfun í leikskólum** – Styrkur frá ERASMUS+ vegna náms- og kynnisferðar til Dortmund fyrir fimmtán leikskólakennara frá fjórum leikskólum. Ferðin var farin 17. -23. apríl og auk námskeiðs í millimenningsarfærni heimsótti hópurinn leikskóla, fjölskyldumiðstöðvar, móttökusetur fyrir flóttafólk og hælisleitendur, hús fjölbreytileikans (House of Diversity) þar sem 35 félög innflytjenda sinna uppbyggingu samfélagsins og skólamálaskrifstofu borgarinnar þar sem lögð er áhersla á að byggja upp fræðslu til foreldra og skóla um mál og læsi fjöltyngdra barna kr. 4.560.000.

- **Móttaka barna hælisleitenda í skóla- og frístundastarf borgarinnar** varð að veruleika þegar borgin samdi við Útlendingastofnun um að borgin tæki í þjónustu sína 5 fjölskyldur með allt að 20 einstaklingum á hverjum tíma. Fjölmenningsarteymi SFS hefur í vetur unnið að verklagi um skráningu og innritun barnanna í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf auk þess sem lögð hefur verið áhersla á að styðja við skólana í móttökuferlinu. Teymið hafði frumkvæði að því að haldinn var fundur 4. mars með fulltrúum skóla- og leikskóla sem hafa tekið á móti börnum hælisleitenda í vetur, fulltrúum Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar sem einnig eru að þjónusta börn hælisleitenda auk fulltrúa frá sambandi íslenskra sveitarfélaga KÍ. Markmiðið var að fara yfir hvernig verkefnið hefur gengið hjá sveitarfélögunum þremur og stuðla að faglegri umræðu um nám og frístundir barna hælisleitenda. Þrátt fyrir að margt sé líkt í starfi skóla með börn hælisleitenda og börn almennt verður að hafa í huga að aðstæður barnanna eru einstakar með tilliti til þess að þeim getur verið gert að yfirgefa landið fyrirvaralaust. Það felur í sér mikið álag og streitu fyrir börnin sjálf, foreldra þeirra en ekki síður börn og kennara í skólum þeirra. Í kjölfar fundarins hefur samband sveitarfélaga boðið til

fundar í byrjun maí þar sem fulltrúar fjölmeningarteymis SFS eiga sæti. Þá hefur teymið staði fyrir fræðslufundi um málefni barna flóttafólks og hælisleitenda fyrir starfsfólk og kennara á SFS og VEL.

- **Í tengslum við umbótaþáttinn Fjölmening í starfsáætlun SFS** fyrir 2016 setti Fjölmeningarteymi SFS fram neðangreinda áætlun um nýtingu umbótafjármagnsins en hún er unnin upp úr tillögum starfshóps um móðurmálskennslu og tillögum starfshóps um innleiðingu fjölmeningarstefnu SFS auk viðbótartillögu frá Reykjavíkurráði ungmenna. Þegar hefur verið haldinn fundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins til að skoða með hvaða hætti hægt verður að koma þeirri tillögu til framkvæmda:

Ráðning tveggja móðurmálskennara sem jafnframt geta sinnt hlutverki farkennara í grunnskólum borgarinnar	12.000.000
Sameiginleg fræðsla fyrir kennara, frístundastarfsfólk og kennsluráðgjafa og ráðstefna um fjölmeningarlegt skóla- og frístundastarf vorið 2017	1.000.000
Fjármagn til að mæta aukinni þörf fyrir túlkapjónustu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi	5.000.000
Fjármagn til að mæta kostnaði við gjaldfrjálsa frístund fyrir börn sem hefja grunnskólagöngu á Íslandi í 1 eða 2 bekk, skólaárið 2016-2017.	2.500.000
Prentun fjölmeningarstefnunnar	200.000
Þýðingar, miðlun og útgáfa á upplýsingaefni fyrir foreldra	300.000
Tillaga frá Reykjavíkurráði ungmenna: <i>Skóla- og frístundasvið tryggi að í grunnskólum Reykjavíkur verði stuðningsnet jafnaldra, fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna, hluti af móttökuteymi skólanna. Greinargerð: Það er mikilvægt að taka vel á móti börnum og unglingum innflytjenda og aðstoða þau við að komast inn í menningu okkar og tengja þau við félagslífið. Það er hægt að gera með því að nemendafélög og/eða sjálfbæðaliðar vinni með móttökuteymum grunnskólanna í því að halda utan um þennan hóp. Þeir sem tækju þetta verkefni að sér þyrftu að fá fræðslu eða námskeið sem myndi nýtast þeim í að sinna þessu verkefni af alúð.</i>	500.000
Hækkun á úthlutun til grunnskóla Reykjavíkur vegna kennslu íslensku sem annars máls	6.500.000
Hækkun á úthlutun til leikskóla Reykjavíkur vegna fjölmeningarlegs leikskólastarfs	4.500.000
Til tímabundinna verkefna við innleiðingu fjölmeningarstefnunar í Frístundastarf borgarinnar	2.500.000
Samtals fjármagn til fjölmeningarlegs skóla- og frístundastarfs:	35.000.000

Að lokum

Innleiðingarferli skóla- og frístundasviðs varðandi stefnu sviðsins um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf mun vera í vinnslu til loka árs 2017. Ráðgert er að halda ráðstefnu um málefnið vorið 2017 með þátttöku kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi þar sem litið verður yfir farinn veg og rætt um það hvernig við viljum sjá fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf þróast í framtíðinni. Í því sambandi telur fjölmenningatrymi SFS gagnlegt að benda á nýútkomna skýrslu Evrópsku framfarastofnunarinnar OECD frá 2015: [Immigrant Students at School, Easing the Journey towards Integration](#). Stofnunin gefur reglulega út skýrslur sem þessar en til grundvallar liggur samanburður á stefnumótun stjórnvalda í löndum OECD þar sem greindar eru sameiginlegar áskoranir og bent á lausnir. Framarlega er að finna samantekt á niðurstöðum og ábendingar til skólayfirvalda þar sem hvatt er til þess að þau:

- Endurskoði menntastefnu sína og varist „hallalíkanið“ þ.e. skort á trú á getu nemenda
- Hvetji og fræði alla kennara, ekki bara sérkennara, til að vinna með fjölmennningarlegt skólastarf
- Bjóði upp á leikskóla fyrir öll börn
- Forðist að safna börnum innflytjenda í sérstaka skóla
- Gefi börnum tækifæri til að byrja strax að vinna með nýja tungumálið í aðstæðum þar sem þau geta tengt viðfangsefni námsins og samskipti við íslenskunámið
- Byggi upp gott samstarf við foreldra